
Neyðarkallinn 2025 – stuðningur við starf björgunarsveitarinnar

From Sveinn Ægir Birgisson <sveinn@bfa.is>
Date Mon 2025-11-03 20:47
To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Góðan daginn,

Nú hefst sala á Neyðarkallinum í þessari viku. Hagnaður af sölunni rennur beint til okkar félags, og leitum við nú eftir stuðningi fyrirtækja og stofnana við að efla og styrkja okkar mikilvægu starfsemi.

Í gegnum árin hefur almenningur sýnt störfum björgunarsveita mikinn skilning og stuðning – enda vita flestir að þegar neyðarkall berst, bregðast björgunarsveitir tafarlaust við með allan sinn mannskap, búnað, tækni og þekkingu.

Fyrirtækjum og stofnunum býðst að styðja okkur með kaupum á stóra Neyðarkallinum. Flóahreppur hefur stutt okkur með kaupum undanfarin ár og hefur sá stuðningur verið okkur afar mikilvægur. Í ár er þema Neyðarkallsins straumvatnsbjörgunarmaður, og væri okkur sönn ánægja ef við mættum leita eftir stuðningi ykkar á ný.

Í fyrra keyptuð þið Neyðarkall af okkur að upphæð 100.000 kr., en sjálfsagt er að styrkja félagið um hærri upphæð ef þess er óskað.

Með fyrirfram þökk fyrir stuðning

Sveinn Ægir Birgisson
Formaður
Björgunarfélag Árborgar
kt. 4704830839
S: 895 5208

 Björgunarfélag Árborgar